

# **Tungufoss 2**

kennarabók



## Efnisyfirlit

Steinn Steinarr .....	5
Mannkynssaga fyrir byrjendur.....	5
Dularfulla húsið .....	6
Gyrðir Elíasson.....	8
Vaknað upp.....	9
Vaknað upp (framhald).....	9
Gisting.....	11
Látra-Björg (1716–1784).....	13
Þrá .....	14
Heyr, himna smiður .....	15
Draumurinn .....	17
Tár, bros og hagfræði .....	17
Jóhann Magnús Bjarnason .....	18
Dansmærin .....	18
Ingunn Snædal.....	19
Vaggan .....	21
Betlarinn .....	23
Þóra Jónsdóttir .....	24
Fylgt úr hlaði.....	24
Eilífðin.....	25
Þjóðvísa .....	26
Fuglar mínir fljúga.....	27
Kartöflugrös.....	28
Kate Chopin .....	29
Silkisokkaparið.....	29
K.N. (Káinn).....	33
Hundalán .....	33
Vísuð úr vinnu.....	34
Hvergi smeykur.....	34
Kæra foldin .....	35
Íslandsferð 1858: Þýskur prófessor ferðast um landið .....	35
Skálholt í niðurníðslu .....	36
Drukinn prestur.....	36
Hryllilegt gaul: safnaðarsöngur á Íslandi.....	36
Hár í mjólkinni .....	37
Óþrif og óværa.....	37
Klarinettitttré .....	38

Jón Vídalín .....	39
Um reiðina .....	40
Halldóra B. Björnsson .....	41
Í Hljómskálagarðinum 17. júní.....	41
Maðurinn sem skar hausinn af kerlingunni .....	43
Jónas Hallgrímsson .....	44
Spurning um hugrekki .....	45

### Mannkynssaga fyrir byrjendur

- **Verkefni**

1. Settu hring utan um ljóðstafi og strikaðu undir rímorð.
2. Veltu fyrir þér hvort steinninn geti verið tákni fyrir eitthvað annað en stein.
3. Hvað vilt þú segja um mannanöfnin í kvæðinu?
4. Veltu fyrir þér hvort háð leynist í kvæðinu.

- **Svör**

1.

Undan ferðamannsins fæti  
valt **steinn** úr **stað**.  
Og steinninn hélt áfram að **velta**,  
veistu **það**?

Og sjö þúsund árum síðar  
kom Sing Sing **Hó**.  
Og Sing Sing Hó fékk sér **konu**,  
en **konan dó**.

Og sjö þúsund árum síðar  
kom Ghagga **Ghú**.  
Um Ghagga Ghú finnst **hvergi**  
nein **heimild nú**.

Og sjö þúsund árum síðar  
komst **þú**, komst **þú**.

(Höfum í huga að ljóðstafir þurfa alltaf að vera í áhersluatkvæði; þess vegna setjum við t.d. ekki hring um **k**-in í komst í síðustu ljóðlínu.)

2. Til greina kæmi að líta á steininn sem allt það sem mannkynið hefur „sett af stað“, áorkað og breytt; sett á hreyfingu. Og á því er enginn endir því að „steininn hélt áfram að velta“. Bara að hann valdi okkur nú ekki skaða!
3. Þau hafa óneitanlega framandi blæ, gætu minnt á Austur-Asíu þar sem forn menning blómstraði.

4. Það er einhver kaldhæðni í þessu en þetta er líka skemmtilegt, fyndið. Kaldhæðnin (háðið) gæti leynst í því að við látum allt snúast í kringum okkur sjálf (mig/þig) og veltum okkur ekki mikið upp úr fortíð og fyrri reynslu mannkyns. Kannski er líka hæðst að sögukennslu þar sem meira er rætt um einstakar persónur og nöfn en samhengi hlutanna, orsakir og afleiðingar.

- **Aukaverkefni**

Þrír nemendur afla upplýsinga um Stein Steinarr og flytja stuttan fyrirlestur frammi fyrir bekknum.

- **Umræða**

Í þessu kvæði fer Steinn „frjállega“ með mannkynssöguna. Hugsanlega vill hann vekja athygli á hvað við raunverulega vitum lítið um fortíð okkar; hugsanlega vill hann einnig vekja athygli á hvað kennsla í mannskynssögu er brotakennd, og tilviljanakennt hvaða atriði eru þar tekin til kennslu.

Á ferðamanninn má líta sem tákni fyrir mannkynið sem veltir steini úr stað, þ.e. veldur breytingu og röskun á umhverfi sínu frá upphafi vega. Tíminn líður og loks ert þú komin(n) fram á sjónarsviðið. Það er eins og allt hafi stefnt að þessu eina: orðið fær sérstakt vægi: það er tvítekið og það er lokaorð kvæðisins og er auk þess rímorð. Það ert þú, sem öllu máli skiptir! (hugsanlega háð?). Hvað skyldi nú verða um *þig*?

Það er m.ö.o. farið frá hinu almenna til hins einstaka, hringurinn þrengdur þangað til hann nær aðeins utan um þig (eða mig).

## Dularfulla húsið

---

- **Verkefni**

1. Hvaða óhappi varð B... greifi fyrir þegar hann var ungur maður?
2. Hvað fannst B... greifa um húsaleiguna á Rue de la Victoire og hvað ákvað hann að gera í kjölfarið?
3. Hvers vegna töldu íbúarnir að Bernard húsvörður væri orðinn veikur á geði?
4. Hvernig breyttist líf íbúanna við fréttirnar?

5. Hverjum mætti stúlkan sem ætlaði að stela sér vínlegg í kjallaranum?
6. Hvaða dýr flúðu úr dularfulla húsinu?
7. Hvaða áhrif hafði ástandið í dularfulla húsinu á dóttur húsvarðarins?

#### • Svör

1. Hann varð fyrir því óhappi að erfa stórríkan frænda sinn.
2. Honum fannst leigan allt of há, og hann vildi lækka hana.
3. Af því að hann sagði þeim að húsaleigan ætti að lækka. Íbúarnir gátu ekki trúað þessu; þeir héldu að húsvörðurinn væri orðinn galinn.
4. Það greip um sig ótti. Fólk varð jafnvel vart við draugagang, og ekki leið á löngu uns íbúarnir sögðu upp húsnæðinu.
5. Hún mætti manni með húsaleigukvittun í hendinni. Hún taldi að það væri gamli húseigandinn afturgenginn.
6. Rottur.
7. Hún hætti við leiklistarnám og giftist rakara sem hún hafði aldrei getað þolað.

#### • Umræða

Émile Gaboriau (1832–1873) var franskur rithöfundur og blaðamaður. Hann er talinn einn af upphafsmönnum sakamálasögunnar. Gaboriau hafði skrifað nokkrar skáldsögur sem vöktu takmarkaða athygli, en árið 1866 gaf hann út söguna *L’Affaire Lerouge* þar sem aðalhetjan var Monsieur Lecoq sem hann átti eftir að nota áfram í mörgum bókum. Byggði hann Lecoq á raunverulegri persónu, þjófi sem gerðist lögreglumaður, Eugène Francois Vidocq, og hafði nokkrum árum áður gefið út endurminningar sínar. Varð sagan strax gríðarlega vinsæl. Í kjölfarið skrifaði hann fleiri sögur um Lecoq sem einnig nutu mikilla vinsælda. Voru sögurnar þýddar á mörg tungumál og hróður Gaboriau barst víða. En þegar Arthur Conan Doyle hóf að gefa út sögurnar um Sherlock Holmes fóru vinsældir Gaboriau dvínandi.

Þessi saga gefur tilefni til fjörugra umræðna, m.a. um rangar ákvarðanir, vanafestu, það að hunsa ráð annarra, hleypidóma, hópsefjun o.s.frv. Galdur sögunnar og húmor (og háð) liggur m.a. í því að það sem var hugsað til að þóknast fjöldanum snýst í andhverfu sína. Sá sem vill frelsa er gjörsamlega misskilinn og er talinn hafa misst vitglórana.

Oft veltir lítil þúfa þungu hlasi. Við sjáum hvernig eitt atvik veldur fyrst óróa, síðan ótta og loks skelfingu og kollvarpar lífi fjölda manna, sbr. dæmið um dóttur húsvarðarins sem hættir við háleit áform um frama og giftist manni sem hún þolir ekki.

- **Smáskammtamálfraeði**

Skoðum orðin *órói ótti skelfing*. Skemmtilegt er að velta sér merkingu þeirra og athuga hvernig hún breytist og magnast. Lítið á orð yfir *vind* og látið vindinn aukast með hverju orði: *logn, andvari* .....

Í þessu sambandi má minna á stigbreytingu lýsingarorða. Þar er breytingin dálítið annars eðlis. En stundum getur stigbreyting valdið nemendum erfiðleikum, sbr. nemandann sem átti að stigbreyta orðið *lasinn*. Hann sagði: *lasinn – veikur – dauður*.

Er hægt að stigbreyta öll lýsingarorð?! (Hvað með t.d. lýsingarorðið *dauður*? Málfraeðilega væri hægt að bæta endingum við stofninn: *-ari – -astur*; en merkingarlega virðist þetta ekki ganga upp.

## Gyrðir Elíasson

---

- **Verkefni**

1. Bentu á frávík frá reglum um stafsetningu.
2. Líttu á heiti ljóðsins. Út frá því skaltu giska á hverjir þessir „þeir“ eru.
3. Bentu á lýsingarorð sem höfundurinn hefur að öllum líkindum búið til.

- **Svör**

1. Höfundur hefur breiðan sérhljóða (í og ú) en ekki grannan (i og u) á undan ng. Bæði titill og upphaf ljóðs hefjast á litlum staf en ekki stórum. Enginn punkur er í kvæðislok.
2. Sennilega er átt við *dagana* sem koma alltaf aftur og aftur (hugsa má sér mann sem kvíðir komandi degi (dögum)).
3. kaldsólaður (sólin er greinilega kuldaleg í dagrenningu; himinninn líka).



## Vaknað upp

- **Verkefni**

1. Hver er aðalpersónan í sögunni?
2. Hvernig líður þessari persónu þegar hún vaknar?
3. Af hverju heldurðu að foreldrar drengsins svari honum ekki?
4. Hvaða sjónarhorn notar höfundur í sögunni? (Með öðrum orðum: hver er sögumaðurinn?)

- **Svör**

1. Drengur
2. Hann er máttlaus og dofinn.
3. Nemandinn svari þessu!
4. Þetta er 3. persónu frásögn. Sögumaðurinn hefur takmarkaða vitneskju; hann sér inn í hug drengsins en ekki foreldranna.

## Vaknað upp (framhald)

- **Verkefni**

1. Hvað gerir það að verkum að „hann“ áttar sig á hvað hefur gerst?
2. Hvernig líður „honum“ eftir að hann gerir uppgötvun sína?
3. Hvað verður um „hann“ í lok sögunnar?
4. Hvenær áttaðir þú þig á ástæðu þess hvað foreldrarnir voru þunglyndislegir?

- **Svör**

1. Hann sér ekki sjálfan sig speglast í glugganum.
2. Honum líður betur en áður; magnleysið er ekki eins mikið.
3. Hann fer út um garðshliðið.

- **Umræða**

Gott er að reyna að festa hendur á andblæ og stemningu. Við tökum eftir að strax í upphafi er stemningin drungaleg. Að vísu logar ljós á náttborðinu. En það eru „skúmvefir“ hornum og drengurinn er dofinn. Og frammi á gangi er myrkur, og gólfíð er kalt: dauðaleg stemning.

Reynum að fá börnin til að lesa bara fyrri hlutann fyrst og athugum hvort þau grunar eitthvað! Skúmið í skotum vekur athygli. Það bendir til að nokkur tími sé liðinn frá dauða barnsins og að móðirin, sem „alltaf var passasöm með svona“, hafi ekki haft sinnu á að gera hreint eftir að barnið dó. Vélrænar hreyfingar hennar með kaffibollann eru líka til merkis um líðan hennar.

Sjálfsgagt er að benda að nokkur atriði sem segja okkur að hér sé um afturgöngu að ræða. Foreldrarnir heyra ekki í drengnum og finna ekki fyrir nærveru hans. Og drengurinn sér ekki spegilmynd sína og skilur ekki eftir sig spor í hélunni. Nú áttum við okkur jafnframt á tvíræðni í titli sögunnar. Drengurinn „vaknar upp“, sbr. orðið „uppvakningur“: draugur (sem hefur verið vakinn upp með göldrum; við þurfum þó ekki að gera ráð fyrir neinum göldrum hér).

Skoðum vel leik Gyrðis með ljós og myrkur: náttlampinn, ljósastaurarnir, tungl og stjörnur annars vegar og hins vegar myrkrið og dökku litirnir allt í kring: *andstæður*. Einnig tökum við eftir „samspili“ náttúru (tunglið) og hins manngerða (ljósastaurarnir). Þá vekja (manngerðar) stjörnurnar á náttfötunum frá ömmunni eftirtekt. Þær eru eins og stef í sögunni og það glampar á þær. Það má kallast *táknrænt* að það er búið að slökkva í herberginu í lokin: myrkrið ríkir á heimilinu.

Parið á myndinni og „parið“ í eldhúsinu mynda *hliðstæður*. Svartklædda konan á myndinni vekur ógn, en hún sést ekki í rökkriinu fremur en drengurinn í eldhúsinu.

*Endurtekningin* er líka áberandi stílbragð (endurteknar spurningar drengsins o.s.frv.)

Þetta er að vissu leyti saga um sorg og það hvernig allt breytist við mikið áfall innan fjölskyldu. Móðirin hættir að taka eftir óhreinindunum. Og föðurnum finnst kaffið ekki gott lengur. Hann reynir þó að koma orðum að þeim staðreyndum sem blasa við: „Við verðum að halda áfram“ (lífið

heldur áfram) og „hann kemur ekki aftur“ (við getum ekki breytt þeirri köldu staðreynd). Móðirin svarar með þögn (og vélrænum hreyfingum).

Gjafirnar snerta lesandann. Þannig kynnumst við hlýjunni sem ríkt hefur í fjölskyldunni (þar var líka amma). Og í sorginni veitir það væntanlega einhverja huggun að drekka kaffið úr bollum sem drengurinn hafði gefið.

Stundum hefur orðið „töfraraunsæi“ verið notað um sögur Gyrðis: dulúð og töfrar birtast okkur í hversdagslegu umhverfi.

Til greina kæmi að fá nemendur til að líta á sögur eins og „*Móðir mín í kví, kví...*“ og *Svarta pilsíð* til samanburðar og fá nemendurna til að benda á hliðstæður og mismun.

Tillaga: Fáum nemendur til að ræða um stíl og innihald (látum þá benda á andstæður, hliðstæður og endurtekningu). Fáum þá einnig til að sýna fram á það hvernig sorgin lamar. Og: Hvað er óraunverulegt og töfrum blandið? Einnig þetta: Sögumaðurinn er dáinn!

## Gisting

---

### • Verkefni

1. Ljóðið er frásögn af ferð og þeim móttökum sem gesturinn fær á bóndabæ. Lýsið móttökunum með örfáum orðum. Hvaða orð eigum við yfir góðar móttökur? (Vísbending: samsett orð sem felur m.a. í sér stofninn *gest*).
2. Hvers konar andstæðum er lýst í 3. erindinu og hver er niðurstaðan úr þeim samanburði sem þar virðist vera gerður?
3. Nefnið nokkur lykilhugtök sem leynast undir yfirborði ljóðsins. (Dæmi: *gestrisni*)
4. Lýstu uppbyggingu ljóðsins út frá hugsuninni um ferðalag.
5. Hvernig mætti heimfæra síðustu fjórar línurnar í ljóðinu upp á lífið almennt.
6. Reyndu (út frá seinni hluta fyrsta erindisins) að rökstyðja þá fullyrðingu að saga mannsins geti verið svipuð frá einni kynslóð til annarrar (þ.e. að einhver sem er horfinn af vettvangi hafi hugsanlega séð eitthvað sem er alveg hliðstætt við það sem við sjáum núna).

## • Svör

1. Hann nýtur *gestrisni* húsráðenda. Fær húsaskjól og mat. *Gestrisni* er kvk-orð, aðeins til í et. beygist ekki.
2. Lítið – stórt: Gestrisnin felst ekki í því hve húskynni eru góð, heldur í því hvernig fólkið er sem þar býr.
3. *velvild, gestrisni, hlýja, tilhlökkun, söknuður*. Á vegferð okkar þráum við að fólk sýni okkur vinsemd og hjálp; þessu fylgir síðan að við söknum þess eftir skilnaðinn, þegar við höfum haldið ferðinni áfram; við erum knúin af einhverri innri þrá að halda alltaf áfram og sjá eitthvað nýtt.
4. Ljóðið lýsir lífinu eins og ferðalagi. Við komum á gististað og höldum þaðan brott á næsta gististað (þeir geta verið misjafnir þessir staðir, allt eftir fólkinu sem við kynnumst) og eigum ekki afturkvæmt: ævin líður og sú stund, sem eitt sinn var, kemur ekki aftur. Við horfum fram á veginn (sækjum fram) en söknum jafnframt hins liðna.
5. Maðurinn þráir alltaf eitthvað nýtt, sbr. unga fólkið sem fer að heiman og freistir gæfunnar. En hann býr að því sem honum hefur verið gert gott og saknar þess jafnframt.
6. Í fyrsta erindinu er spurt hvort það sem aðrir hafa einhvern tíma séð geti komið fram í vitund okkar hinna. Höfundurinn virðist velja því fyrir sér hvort gömul mynd (sem einhver annar hefur brugðið upp eða séð með sínum augum) geti birst þeim sem síðar koma. Með öðrum orðum virðist hann segja að sagan endurtaki sig, líf kynslóðanna sé í aðalatriðum eins frá einum ættlið til annars.

## • Umfjöllun

Í fyrsta erindinu er spurt hvort það sem aðrir hafa einhvern tíma séð geti komið fram í vitund okkar hinna. Höfundurinn virðist velja því fyrir sér hvort gömul mynd (sem einhver annar hefur brugðið upp eða séð með sínum augum) geti birst þeim sem síðar koma. Með öðrum orðum: Getur sagan endurtekið sig?

Lítill ferðasaga verður saga af ferð mannsins gegnum lífið og kynnum hans af samferðamönnum. Við þráum alltaf að sjá eitthvað nýtt, höldum alltaf áfram en söknum jafnframt þess sem liðið er. Þannig hefur þetta alltaf verið. Og það er gott viðmót sem skiptir máli, ekki auður og ríkidæmi.

Vel mætti tala hér um allegoría: sögð er lítill ferðasaga en í rauninni er hér verið að tala um sjálfa lífsgönguna, dvölinu á „Hótel Jörð“.

- **Smáskammtamálfraeði**

„... sem aldavin þau hefðu heimt úr hættulegri för.“ Í stað orðsins *sem* má setja tvö samanburðarorð. Hvaða orð: Hvernig hljómar þá setningin (í eðlilegri orðaröð)?

- **Svar**

Eins og þau hefðu heimt aldavin úr hættulegri för.

## Látra-Björg (1716–1784)

---

- **Verkefni**

1. Hvað merkir að Björg hafi verið *ákvæðin*?
2. Hver er dómarrinn sem öllum dómum ræður?
3. Sýndu fram á muninn á seinni tveimur vísunum. Gætir þú raðað upp samhengislausum orðum þannig að lesa megi þau aftur á bak og áfram eins og rétt kveðna vísu?

- **Svör**

1. Það fylgdi kveðskap hennar þvílíkur kraftur að það sem þar var kveðið varð að áhrínsorðum (þannig gátu t.d. illar óskir hennar ræst).
2. Guð.
3. Neitandi orðin vísa til mismunandi atriða. Við sjáum þetta þegar við skoðum kommuþinguna. Þess vegna snýst merkingin við þegar lesið er aftur á bak. Þegar samhengislausum orðum er raðað saman og þau lesin aftur á bak og áfram þarf að huga að stuðlasetningunni og ríminu. Stuðlar þurfa að lenda á þriðju og fjórðu kveðju. Og fyrsta orð í 1. og 3. línu þurfa að ríma saman. Dæmi:

Anna, Sigga, Pétur, Páll,  
Pála, Lóa, Dís,  
Hanna, Gunnar, Nói, Njáll,  
Nonni, Siggi, Lís.

- **Umræða**

Það er mikil kúnt að yrkja vísu sem lesa má bæði aftur á bak og áfram og láta jafnframt merkinguna breytast. En takist það er eins víst að menn verði landsfrægir. Þessi vísa hefur verið á hvers manns vörum síðan hún var ort!

Vísan um dómarrann einkennist af *endurtekningu* eða *klifun*. Það kallast *forklifun* þegar sama orð eða orðhluti (hér: dóm) er endurtekið í upphafi ljóðlínu eins og hér er gert. Hugsunin hér er skemmtileg: að dómarrinn verði dæmdur af æðri dómara. Þannig tekst alþýðukonunni (og ákvæðaskáldinu) að skjóta yfirvaldinu skelk í bringu.

- **Smáskammtamálfraði**

Við tökum eftir að það er komma á eftir „dómarrinn Jón“ í vísunni hér að ofan. Þetta er ávarpsliður, og hann er jafnan afmarkaður með kommu. Komdu sæll, Jón dómari, og til hamingju með afmælið.

Sýndu nú fram á að merking setningarinnar: „Falleg er hún Finna“ breytist ef sett er í hana komma og skrifað: „Falleg er hún, Finna.“

- **Svar**

Í fyrri setningunni er greinilega átt við að Finna sé falleg. En í seinni setningunni er Finna ávörpuð og sagt við hana að „hún“, t.d. rósín, sé falleg. Þannig getur ein komma gerbreytt merkingu setningar.

## Þrá

---

- **Verkefni**

1. Bendið á ljóðstafi í fyrstu tveimur línunum ljóðsins. Lesið þessar línur upphátt og finnið út hvaða orð þurfa að fá áherslu.
2. Bendið á ljóðstafina í fyrstu tveimur línunum í síðasta erindinu!
3. Bentu á atriði sem sýna náinn skyldleika milli manns og náttúru.
4. Hvaða stílbragð er áberandi í ljóðinu? (Vísbending: tengist myndmáli!)
5. Bentu á atriði í ljóðinu sem bendir til að þýðandinn fari frjálsglega með efnið.

## • Svör

1. v – v (einn stuðull í öllum oddalínum; slíkt er t.d. algengt í eddukvæðum!). Því þarf áhersla m.a. að liggja á þessum hljóðum (Til að vera hjá þér/allt vildi ég bera. Líta má á „til að“ og „allt“ sem áherslulitla forliði.) Ástæðulaust er þó að ýkja áherslurnar.
2. Í – e. Orðin „eins og“ og „undir“ bera léttu áherslu (forliðir).
3. Höfundurinn (sá sem mælir ljóðið fram) líkir eigin tilfinningum við fyrirbæri í náttúrunni (lækinn sem þráir ströndina, svöluna sem þráir suðræn lönd).
4. Viðlíking (með samanburðarorðunum „eins og“). Annað stílbragð er *klifun* („eins og“ kemur þrisvar fyrir).
5. Þýðandinn tengir þrána við þrá Íslendinga sem dreymir um jökla. Í frumtextanum er ekki minnst á slíkt, en íslenskur lesandi kann að meta þetta!

## • Umræða

Richarda Huch var þekkt þýsk skáldkona og fræðimaður. Hún skrifaði m.a. um rómánrísku stefnuna í bókmenntum. Þetta litla ljóð hennar einkennist af ástríðufullri þrá. Fallvaltleiki lífsins var henni hugleikinn, en einnig kunnir hún að njóta augnabliksins og hins smáa í lífinu.

Ræða mætti um það hvernig þýðendur taka sér stundum „skáldaleyfi“, sbr. Íslendinginn sem skyndilega birtist í þessu þýska ljóði.

Magnús Ásgeirsson er einn virtasti þýðandi okkar. Hann hóf feril sinn sem ljóðskáld en einbeitti sér síðan að ljóðabýðingum. Síðustu 14 árin vann hann sem bókavörður í Hafnarfirði. Heildarsafn ljóða hans og ljóðabýðinga var gefið út í tveimur bindum árin 1957 og 1960.

## Heyr, himna smiður

---

### • Verkefni

1. Hvenær var ljóðið ort?
2. Hvernig tengdust þeir Kolbeinn og Guðmundur biskup?
3. Hvernig dó Kolbeinn?

4. Nefndu dæmi um *kenningu* í ljóðinu.
5. Nefndu dæmi um *heiti* í ljóðinu.
6. Sýndu dæmi um rím, stuðla og höfuðstafi.

- **Svör**

1. Árið 1208.
2. Kona Kolbeins og Guðmundur Arason voru bræðrabörn.
3. Hann fékk stein í höfuðið í Víðnesbardaga 9. september árið 1208.
4. *röðla gramur* (guð); *hjarta borg* (brjóst); *himna smiður* (guð).
5. *mildingur, höldur, mögur*.
6. **Heyr þú, himna smiður, /hvers er skáldið biður** (ljóðstafir feitletraðir: stuðlar í fyrri línunni; höfuðstafur fremst í seinni línunni). Rím t.d. *smiður – biður*.

- **Umræða**

Gaman væri að minna á að Þorkell Sigurbjörnsson hefur samið lag við þetta gamla kvæði og er það m.a. gjarnan sungið við útfarir, sjá <http://www.youtube.com/watch?v=9j5erJxsNnE>

Einnig mætti benda á **andstæður** í kvæði Kolbeins (þræll – drottinn).

Í kvæðinu kemur fram mikill tilfinningahiti og auðmýkt frammi fyrir drottni og sjálfsagt er að ræða um mátt trúarinnar út frá þessu. Jafnvel hinir völdugustu höfðingjar verða smáir frammi fyrir drottni!

- **Smáskammtamálfraði**

„Mest þurfum þín.“ Hvaða falli stýrir hér sögnin *þurfa*?

**Svar:** ef., sbr. ég þarf þess ekki.

Ávarpsliðir eru afmarkaðir með kómmum. Bentu á ávarpsliðina í ljóði Kolbeins.

**Svar:** himna smiður; guð; mildingur; röðla gramur. Allir þessi liðir eru afmarkaðir með kómmum.

Þegar þið skrifið bréf, t.d. í tölvupósti, munið þá eftir að afmarka ávarpið með kómmum: Heill og sæll, Gunnar, og til hamingju með daginn.



## Draumurinn

---

- **Verkefni**

1. „...en menn öðlast þar ný skilningarvit í stað hinna fimm venjulegu, sem menn verða að vera án, að meira eða minna leyti.“ Hvað á höfundurinn við með þessum orðum?
2. Ritunaræfing: Ljúktu við söguna eins og þér finnst að endirinn ætti að vera.

- **Svör**

1. Átt er við að í fangelsinu finna menn vissa hluti á sér þegar þeir t.d. heyra tiltekin hljóð. En við fangelsisvistina fara menn á mis við allt eðlilegt líf og því fá skynfærin ekki að meðtaka umhverfi og náttúru (lykt af blómum, fuglakovak, sólarlag o.s.frv.).
2. Nemandinn leysi þetta verkefni.

## Tár, bros og hagfræði

---

- **Verkefni**

1. Hvaða áhrif virðast hlaupabrautir umhverfis knattspyrnuvöll hafa á dómara?
2. Er eftirfarandi fullyrðing rétt, samkvæmt orðum textans?: Það er engin hlaupabraut kringum Laugardalsvöllinn.
3. Hvaða lið vinna 60% af öllum vítaspyrnukeppnum?
4. Hvað lesið þið út úr því sem sagt er um vítaspyrnukeppni í knattspyrnu í ljósi tennisreglna?
5. Skýrið í örfáum orðum það sem sagt er um „yfirfærslugildi“ knattspyrnurannsókna.
6. „...hafa gætt ípróttina nýju lífi...“ Flettið upp sögnunum *gæða* og *glæða* og búið til málsgrein þar sem báðar sagnirnar koma fyrir.

- **Svör**

1. Þær virðast hafa þau áhrif á dómara að þeir dæmi færri vítaspyrnur en ella.
2. Fullyrðingin er röng.
3. Liðin sem byrja, þ.e. liðin sem fá fyrstu vítaspyrnuna í vítaspyrnukeppninni.

4. Það má lesa út úr textanum að liðið sem byrjar (þ.e. lið A) fengi eina spyrnu í upphafi, en liðið sem ekki byrjar (þ.e. lið B) fengi því næst tvær spyrnur í röð, síðan fengi A tvær spyrnur og svo koll af kolli: tvær spyrnur á lið þar til úrslit ráðast.
5. Átt er við að líkt og í knattspyrnunni geti aðstæður og hvers kyns þrýstingur haft áhrif á árangur fólks í lífi og starfi. Með öðrum orðum: það má líta svo á að heimur knattspyrnunnar endurspegli raunverulegt ástand í samfélaginu.
6. Kennarinn glæðir áhuga nemenda sinna; hann gæðir kennsluna lífi.

## Jóhann Magnús Bjarnason

---

### Dansmærin

- **Verkefni**

1. Hvaða breyting varð á dansmeynni eftir því sem hún dansaði meira?
2. Hvað getur þú sagt um töfraduft dansmeyjarinnar?
3. Hvaða áhrif höfðu líkþornin á dansmeyna.
4. Hvað viltu segja út frá þessari sögu um *misskilning*?
5. Beygðu orðið *mær* (*mei*) í öllum föllum eintölu og fleirtölu.

- **Svör**

1. Hún virtist verða enn yndislegri en áður. Litblærinn á andlitinu varð fallegrí.
2. Hún átti ekkert töfraduft. (Hirðmeyjarnar ímynduðu sér það bara.)
3. Liturinn á andliti hennar breyttist (hana verkjaði svo mikið).
4. Hirðmeyjarnar vissu ekki um raunverulega orsök litarins sem kom á andlit dansmeyjarinnar. Í sárindum sínum yfir að fá ekki að vita ástæðuna drógu þær rangar ályktanir.
5. mær (eða: mei) – mei – mei (eða: meiju) – meijar; meijar – meijar – meijum – meija (sjá <http://bin.arnastofnun.is/leit.php?id=12270> ).

## • Umræða

Dansmærin er komin með atvinnusjúkdóm! En hún vill ekki láta það fréttast því að það gæti varpað skugga á feril hennar. Hún trúir bara einni manneskju fyrir þessu. Spyrja mætti: átti hún að láta hirðmeyjarnar vita líka? Sennilega mátti hún það ekki því „þjóð veit þá þrír vita“.

Söguna má nota til að ræða um misskilning, öfund, afbrýðisemi o.s.frv. Gott væri að leita hliðstæðra dæma (þar sem t.d. fræg kona líður þjáningar, sem enginn veit um, vegna starfsframa síns).

Ævintýrið af dansmeynni minnir óneitanlega á ævintýri H.C. Andersens af litlu hafmeyjunni. Gaman væri að fá einhverja nemendur til að lesa það ævintýri og segja hópnum frá þessum skyldleika (sbr. þessi orð: „Þá lyfti hafmeyjan upp sínum fögru, hvítu örmum, reisti sig upp á tágómana og sveif eftir gólfinu dansandi, og var það með svo mikilli snilld að enginn hafði áður dansað nándar nærri eins vel. Við hverja hreyfingu kom fegurð hennar æ betur í ljós ... og hún herti sig að dansa þó henni fyndust hvassir hnífar skera sig í iljarnar í hvert sinn er hún kom við gólfið.“

## • Smáskammtamálfraði

Líklega munu nemendur eiga í erfiðleikum með að beygja orðið *mær* (*mey*). Auðveldara er orðið *meyja* sem beygist veikt (*meyju* – *meyju* – *meyju*; ft. *meyjur* – *meyjur* – *meyjum* – *meyja*). Sjálfsagt er að fara vel yfir þetta með hópnum. Tala má um *tvímynd* orða þegar svona mikil líkindi eru milli þeirra, sbr. t.d. *ey/eyja*; *fjall/fell*; *smér/smjör*.

## Ingunn Snædal

---

### • Verkefni

1. Hugsum okkur að fyrsta erindið sé innan gæsalappa. Hver væri þá mælandinn?
2. Hvað haldið þið að dóttirin sé að hugsa um að ræða við föður sinn?
3. Hvað merkir orðið *gunga*?
4. Hvað viljið þið segja um sambandið milli feðginanna?
5. Hvers vegna er ljóðið allt innan sviga?

- **Svör**

1. Faðirinn.
2. Nemendur svara þessu.
3. hugleysingi, skræfa
4. Hún er feimin við að segja föður sínum frá tilfinningum sínum. Faðirinn virðist vera fremur hrjúfur. Þetta er ekki beint kærleiksríkt samband – og þó! Það er spenna á milli þeirra en sennilega heitar tilfinningar undir niðri.
5. Af því að samtalið við föðurinn fór aldrei fram.

- **Umræða**

Hér væri hægt að ræða örlítið um samband dætra við feður. Það reynist eflaust oft erfitt að tala við þá um viðkvæm málefni. Í þessu tilviki er um það að ræða að stúlkan er lesbísk og vill gjarnan geta upplýst föðurinn um það en kemur sér ekki að því. Kennari spyr nemendur hvað þeir haldi að stúlkuna langi að tala um við föðurinn. (Þetta kemur ekki beint fram fyrr en í seinna kvæðinu).

- **Verkefni**

1. Hver hringir í hvern?
2. Hvers vegna hverfur feimni stúlkunnar skyndilega?
3. „ég sagði henni frá þér“. Hver er þessi „þú“, sem þarna er ávarpaður/ávörpuð?
4. Hvers vegna skyldi dóttirin segja: „ég hlýt að eiga einhver met“?

- **Svör**

1. Móðirin hringir að austan í dóttur sína.
2. Það er eins og fréttin um veikindi móðurinnar losi um einhver höft í sambandi dótturinnar við móður sína. Hún þorir að nálgast hana meira en áður.
3. Í ljóðinu er eins og stúlkan ávarpi unnustu sína. (Hún er að segja henni frá nætursamtalinu við móðurina.)
4. Það er eins og hún komi sjálfri sér á óvart: Sennilega skilur hún ekki að hún skuli hugsa svona mikið um sjálfa sig (og ástina) þegar móðir hennar stendur frammi fyrir erfiðri krabbameinsmeðferð.

- **Umræða**

Nú er kominn febrúar (en ferðin norður var farin vorið áður). Móðirin hringir greinilega að austan. Dóttirin er hissa á sjálfri sér að hún skuli spyrja móður sína persónulegra og nærgöngulla spurninga. Það er eins og þessi skyndilegu veikindi geri það að verkum að samband þeirra verður einlægara. Þegar móðirin er komin suður í rannsókn trúir dóttirin henni fyrir leyndarmálinu um ástkonuna. (Það þurfti semsagt ansi mikið til að hún uppljóstraði þessu við hana!)

Síðustu línurnar gætu minnt okkur á málsháttinn um að hver sé sjálfum sér næstur! (Dóttirin getur ekki hætt að hugsa um eigin hugarástand þó henni þyki augljóslega mjög vænt um móður sína.)

Þetta kvæði mætti nota til að ræða um hvernig ástvinir (og sjúklingarnir sjálfir) bregðast við fréttum um hættuleg veikindi í fjölskyldunni.

Einnig er sjálfsagt að nota þessi tvö kvæði Ingunnar til að ræða það hvernig foreldrar bregðast við fréttum af samkynhneigð barnsins síns.

## Vaggan

---

- **Verkefni:**

1. Athugaðu titil ljóðsins og reyndu út frá því að ákvarða hver „ég“ kvæðisins er.
2. Kannastu við þjóðsögu eða þjóðsögur þar sem umfjöllunarefnið er svipað og í þessu kvæði Þorsteins frá Hamri?
3. Flettu upp orðinu *umskiptingur* og kannaðu merkingu þess.
4. Strikaðu undir rímorð.
5. Settu hring um ljóðstafi.

- **Svör**

1. Vaggan talar, sbr. orðin „ég er vagga“.
2. Benda má á söguna „Átján barna faðir í álfheimum“.
3. Álfur (venjulega gamall), látin í stað mennsks barns sem álfar tóku.
4. lyft – skipt; fundið – hrundið.
5. s – s – s; b – b; ei – u.

## • Umræða

Uppsetning texta skiptir máli. Hér hefði komið til greina að hafa ljóðlínurnar langar:

Það svaf og ég heyrði sæng þess lyft  
og sagt: Ó hér ertu loksins fundið.  
Og allt er breytt: mér er bylt og hrundið.  
Ég er vagga einhvers sem um var skipt.

En óneitanlega er uppsetningin skemmtilegri og nútímalegri í fyrra tilvikinu. Það er meiri galdur í þessum stuttu línunum og erindaskiptingu og maður áttar sig ekki strax á hvað formið er í rauninni hefðbundið, sbr. rímið aBaB og stuðlasetninguna, sjá feitletruðu stafina (höfum í huga að 3. og 4. ljóðlína [þ.e. löngu ljóðlínurnar!]) eru sér um ljóðstafi: **b – b; ei – u**).

Tala má hér um *vísun*; það er vísað í tiltekna tegund álfasagna, þ.e. sögur af *umskiptingum*. Ekki er þó um ákveðna sögu að ræða (sbr. söguna *Átján barna faðir í álfheimum*), heldur einungis ætlast til að við þekkjum almennt til sagna af þessu tagi (sjá t.d. *Þjóðsögur Jóns Árnasonar* I:41-58).

En nú þarf að reyna að glöggva sig á hver er hvað. *Ég sögunnar, ljóðmælandinn* er vaggan (athyglisvert *sjónarhorn*). Vaggan er *persónugerð*.

En hver er það sem segir orðin: „Ó hér ertu loksins fundið“? Svo er að sjá sem barn sofi vært í vögg. Einhver kemur og segir þessi orð og tekur barnið. Þá breytist allt hjá vöggunni því að henni er ýtt svo harkalega til og frá því að þar er greinilega komið mjög óþægt barn: umskiptingur. Persónan sem segir: „Ó hér ertu loksins fundið“ hlýtur því að vera álfkona í leit að þægu barni; í staðinn setur hún álfabarn (umskipting) í vögguna.

Alltaf þarf að gæta sín á oftúlkun. En kæmi til greina að líta á vögguna sem landið, Ísland? Það er ekki allt með felldu í landinu, fólk er breytt, það er orðið að umskiptingum.

Sjálfsagt er að lesa eða segja sögur af umskiptingum jafnhliða umfjöllun um kvæði Þorsteins frá Hamri. Kannski má segja að í þeim komi fram skýringartilraunir fólks: það reynir að skýra t.d. óþekkt í barni, breytingu á hegðun þess eða afbrigðilegt athæfi (þroskaheft barn?) með því að ímynda sér að umskiptingur sé kominn í stað þess. Í þessum sögum er gjarnan

dulin áminning til móðurinnar um að gæta barns síns vel, skilja það ekki eitt eftir (binda það t.d. ekki við rúmið eins og stundum var víst gert [slíkt gæti nú út af fyrir sig stuðlað að breyttri hegðun barnsins!]) meðan hún fer niður að læk að þvo mjólkurilát eða út á engjar að hjálpa til við heyskapinn.

## Betlarinn

---

### • Verkefni

1. Hvar gerist sagan?
2. Hvað var sérstakt við betlarann í sögunni?
3. Hvernig leit betlarinn út?
4. Af hverju voru konurnar bæði glaðar og hryggar þegar betlarinn fór?
5. Hverrar þjóðar var betlarinn?
6. Hvernig var verðlagið í fornsölnunni?
7. Hvað keypti Anna í fornsölnunni?
8. Í hvers konar hverfi bjó fornsalinn og að hvaða leyti var hann breyttur?
9. Að hvaða leyti var forngripasalinn frábrugðinn betlaranum?
10. Hvaða atvik rifjaðist upp fyrir Önnu eftir að hún hafði séð fornsalann á svölum fallega hússins?
11. Hvaða lærdóm má draga af þessari sögu?

### • Svör

1. Í borg í Vesturheimi þar sem margir Vestur-Íslendingar bjuggu (sennilega Winnipeg í Kanada).
2. Hann hafði vit á að fara milli borgarhluta (til að fólk yrði ekki leitt á honum); einnig bankaði hann upp á að húsabaki og reyndi að koma sér í mjúkinn hjá konunum.
3. Hann virtist gamall, var föstur, með hrafnsvart hár, hátt enni og íbjúgt nef. Augun voru tindrandi og hvöss. Hendurnar voru hvítar en skjálfsandi. Jakkinn gamall og rifinn.
4. Þær vour glaðar yfir að hafa gert góðverk en hryggar yfir því að lífið skyldi gera sumt fólk að olnbogabörnum.
5. Það var ekki vitað (hann var ekki af enskum uppruna og ekki íslenskur).

6. Verðlagið var mjög hátt.
7. Ekkert. Hún hætti við að kaupa stólana þegar hún áttaði sig á að ríki forngripasalinn væri sami maðurinn og betlarinn.
8. Í hverfi ríkra borgara.
9. Hann var mun unglegri og styrkari.
10. Þá rifjaðist upp atvik sem átti sér stað heima hjá henni þar sem betlarinn hafði breytt um svip og hætt að skjálfa þegar hann hélt að enginn sæi til hans.
11. Nemandinn svari þessu. En m.a. má segja að menn villi oft á sér heimildir og fólk láti auðveldlega blekkjast.

### • Umræða

Nota má þessa sögu til að ræða um það hvernig hægt er að villa á sér heimildir. Einnig það hvað menn mega, út frá siðferðislegu sjónarmiði, ganga langt í að blekkja aðra. Finnst nemendum athæfi betlarans óheiðarlegt? Í ljós kemur að hann virðist gráðugur. Hann selur vöru sína dýrt og hann lifir ríkmannlega. Mundum við hugsa öðruvísi til hans ef hann seldi vöru sína ódýrt og lifði fábrottnara lífi?

„Nú þegar hann var horfinn sjónum þeirra, óskuðu þær allar að hafa þekkt hann betur. Hann hlaut að eiga sögu að baki sér. Sorglega sögu, sögðu gömlu konurnar, sögu sem líktist þeim atburðum er gerðust heima á harðindaárnum.“ Rökstyðjið að íslensku konurnar sem gáfu betlaranum ölmusu hafi kynnst fátæktinni vel í „gamla landinu“.

## Þóra Jónsdóttir

---

### Fylgt úr hlaði

#### • Verkefni

1. Synir fara að heiman. Talað er um tvenns konar gjafir við brottför þeirra. Hvaða gjafir?
2. Talað er um tvö títíma í kvæðinu. Hvaða tíma?
3. Fer sonurinn, sem talað er um í seinni hlutanum, snauður að heiman?



- **Svör**

1. Talað er um sverð annars vegar og ást (og góðar óskir) móðurinnar hins vegar.
2. Annars vegar er rætt um fornan tíma (víkingaöld); hins vegar um nútímann (tíma sem ljóðið verður til á).
3. Nei, ekki ef góðar óskir móðurinnar fylgja honum.

- **Umræða**

Í kvæðinu er fjallað um móðurást. Í upphafi er vísað í forna sögu, t.d. Grettis sögu þar sem Ásdís á Bjargi fylgir Gretti syni sínum úr hlaði. Móðir gefur syni sverð sem á að nýtast honum í ókunnum stöðum. Þetta er á þeim tíma þegar nauðsynlegt þótti að bera vopn. Síðan vís sögunni að nálægari tímum og sagt að enn sé sá illa undir lífið búinn sem ekki nýtur gjafa frá móður; þær gjafir eru góður hugur og ást. Sá sem hefur hlotið gott atlæti móður er ekki snauður þegar hann fer að heiman. En hinn er fátækur sem ekki nýtur hlýju og góðra óska móður við brottför.

Sverðið í fyrri hluta kvæðis verður að ósýnilegu vopni í seinni hlutanum.

Allir þurfa að fara að heiman, sbr. t.d. söguna af Búkollu og stráknum. Þetta kvæði snýst semsagt um það að fara að heiman og það veganesti („fararefni“) sem menn fá. Þar er ekki um að ræða gull eða silfur, heldur þann hug sem fylgir okkur að heiman. Ef hugurinn er góður er líklegt að vel fari, annars ekki.

Ræða þyrfti um þetta og það hvað undirstaðan er mikilvæg, þ.e. traust uppelda og gott atlæti á mótunarárum.

## **Eilífiðin**

- **Verkefni**

Hvað skyldi vera átt við með orðunum „Meðan ég hrærði vöggu/ og mátti ekki af ungbarni líta,/ var eilífiðin ekki löng“?

- **Svar**

Sennilega er átt við að móðurinni hafi liðið vel meðan hún annaðist barnið sitt – og að fyrr en varði hafi sá tími verið liðinn. Kannski hefði hún einmitt getað hugsað sér að þessi tími með barninu mundi vara að eilífu!

## • Umræða

Þetta eru að vissu leyti vangaveltur um tímann. Hugsanlega vísar höfundur í þjóðsöng Íslendinga þar sem talað eru um muninn á einum degi og þúsund árum – sem er enginn fyrir guði. Höfundur þessa stutta kvæðis segist eiga erfitt með að „skilja eilífðina“. Gaman væri að ræða við unglingana um tímahugtakið og heyra álit þeirra á því.

Hér er móðurástin til umræðu eins og í kvæðinu *Fylgt úr hlaði*: það er eins og tíminn með barninu hafi verið fljótur að líða. Tilvalið er að ræða um þetta atriði: þegar okkur líður vel er tíminn stuttur, sbr. t.d. orðið *skemmtun* sem er skylt orðinu *skammur* og merkir *stuttur*. Móðirin taldi greinilega ekki eftir sér þann tíma sem hún átti með barninu sínu.

## Þjóðvísa

### • Verkefni

1. Hver er „ég“ ljóðsins og hvar er sú persóna stödd?
2. Hvað ætli hafi orðið til þess að karlsdóttir fór úr mannheimum?
3. Hvað merkir að „sjá eitthvað í hillungum“?
4. Hvernig er framtíðarútlitið hjá þessari persónu?

### • Svör

1. Karlsdóttir sem nú er komin í bæ huldumanns í hamrinum háa.
2. Það er eins og hún hafi látið glepjast af gulli og glysi.
3. Sjá eitthvað sem maður lætur sig dreyma um að fá.
4. Útlitið virðist ekki gott; svo er að sjá sem ill örlög bíði hennar.

### • Umræða

Hér fer Þóra Jónsdóttir á vit þjóðkvæða og þjóðsagna. Fjölmargar sögur eru til um ungar stúlkur sem fara til álfa og giftast huldumönnum. Sumar virðast gera það af einskærri ást og lifa í sælu; aðrar hljóta misjöfn örlög. (Líka eru til sögur um ástir mennskrar konu og huldumanns án þess að til hjónabands komi. Sambandið leiðir til barneignar og huldumaðurinn fær barnið; konan ætlar að fylgja manninum en er þvinguð til að giftast

mennskum manni. Hún hittir svo ástmann sinn löngu síðar og deyr þá af harmi og hann einnig („selmatseljan“).

Þetta kvæði er rammað inn af stafi (upphafslínurnar endurtekna í lokin) eins og algengt er í þjókvæðum. Í þeim svífur líka gjarnan tregi yfir vötnunum, eins og hér. Konan í kvæðinu hefur látið heillast af gulli en virðist sjá eftir öllu saman. Hún á ekki afturkvæmt.

Vel má setja þetta kvæði í vítt samhengi; það gæti þá átt við um konur (eða fólk almennt) sem hvergi eru ánægðar, halda að lífið sé betra hinum megin við fjallið, en komast svo að raun um að svo er ekki. Þetta mætti vissulega ræða nánar, t.d. í sambandi við þá löngun flestra (ekki síst þeirra sem lítil efni hafa) að komast burt og sjá eitthvað nýtt (í kvæðinu er stúlkan augljóslega fátæk).

## Fuglar mínir fljúga

### • Verkefni

1. Hvers vegna fær konan ekki um frjálst höfuð strokið?
2. Hvað merkir annars orðasambandið *að fá ekki um frjálst höfuð strokið*?
3. Ef þú lítur á fuglana sem tákni fyrir eitthvað annað, hvað er þá raunverulega verið að ræða í ljóðinu?
4. Hver/hvað er áttaviti fuglanna sem fljúga burt?
5. Hvers vegna er konan óttaslegin?

### • Svör

1. Af því að það er hreiður í hári hennar.
2. Að hafa ekki stundlegan frið, hafa aldrei næði. (Upprunaleg merking er: vera frjálst, ráða sér sjálfur.)
3. Sennilega hefur skáldið í huga börn sín sem hún þarf að annast og getur því ekki um frjálst höfuð strokið (t.d. sinnt skáldskapnum).
4. Útþráin. Útþráin vísar veginn eins og áttaviti.
5. Hún er hrædd um að fuglarnir séu ekki tilbúnir að fara í langa ferð (vængirnir ekki nógu sterkir). Við höfum í huga að líklega á hún við börnin sín.

## • Umræða

Hér er ort um konu sem „fóstrar“ fugla á morgni lífsins. Senn munu þeir fljúga á brott, enda knúnir af útþrá. Konan sér þá (fyrir sér) hverfa en hefur áhyggjur: munu þeir lifa af? Verður ferð þeirra þeim of erfið? Á sama hátt hugsar móðirin áhyggjufull til barna sinna sem vilja komast út í lífið: Eru þau tilbúin? Geta þau staðið á eigin fótum?

Þóra leikur sér hér með orðasambandið að mega ekki um frjálst höfuð strjúka. Maður strýkur ekki um frjálst höfuð ef hreiður er í því! Frjálst höfuð merkir upphaflega „höfuð á frjálsum manni“. Vera má að hér sé varðveitt minning þess að þrælar höfðu helsi um hálsinn.

Útþráin stjórnar för fuglanna/ungafólksins. Það á fyrir öllum að liggja að fara að heiman. Spurningin er bara hvort flanað sé of snemma af stað. Að þessu leyti hugsar ungviðið, sem treystir sér í allt, örðuvísi en hin reynda móðir/fóstra.

## Kartöflugrös

### • Verkefni

1. „Sumarið þreytist“/ „myrkrið velur sér náttstað“. Hvað kallast það þegar hin og þessi fyrirbæri eru gædd persónulegum (mannlegum) eiginleikum?
2. „Þau hafa vaxið.“ Hver eru þessi „þau“?
3. Reynið að skýra orðin „ég safna sumrinu“.
4. Hvað sýnist ykkur vera átt við með síðustu ljóðlínunni?

### • Svör

1. Persónugerving (sem er ein tegund myndhverfingar)
2. Börnin.
3. Sennilega er átt við það að skáldið (eða sú sem mælir ljóðið fram) vinnur úr því sem sumarið hefur gefið henni og vill varðveita það.
4. Hún finnur nálgæð dauðans. Haustið í náttúrunni er gjarnan tengt haustinu í manningum (feigðinni).

- **Umræða**

Við sjáum fyrir okkur að fullorðin manneskja horfir á börn vitja uppskerunnar úr skólagörðunum. Þau eru í „blómalitum“ og minna þannig á útsprungin blóm. Maður og náttúra tengjast náið í ljóðinu. Börnin hafa stækkað eins og grösín.

Skáldkonan hugar einnig að sinni uppskeru. En hér er tónninn samt annar; „frostin“, sem minnst er á, virðast tengjast ekki bara vetri, heldur einnig dauðanum, sbr. síðust orðin í ljóðinu (þau gætu minnt á ævagamla ljóðlínu sem segir í íslenskri þýðingu: Moldin eignast okkur; sbr. einni orð prestanna við útfarir: Af moldu ertu kominn, að moldu skaltu aftur verða...).

Þannig verður þessi svipmynd af glaðværum börnum í skólagörðunum tilefni hugleiðinga um haustið í lífinu.

Athugandi væri að fá nokkra nemendur til að afla upplýsinga um skáldkonuna Þóru Jónsdóttur og flytja síðan frammi fyrir bekknum.

## **Kate Chopin**

---

### **Silkisokkarið**

- **Verkefni**

1. Hvað varð til þess að frú Sommers fannst hún vera mun mikilvægari en henni hafði fundist hún vera um árabíl?
2. Hvað fannst frú Sommers jákvætt við að geta keypt nýja sokka á börnin?
3. Hvað getur þú sagt um líf frú Sommers fyrir hjónaband?
4. Hvers vegna kemur morgundagurinn aldrei?
5. Rökstyddu þá fullyrðingu að frú Sommers hafi verið „hagsýn húsmóðir“.
6. Nefndu eina ástæðu fyrir því að frú Sommers þurfti að safna kröftum áður en hún hugðist fara inn í þvöguna þar sem skyrtuefnin voru.
7. Hver voru fyrstu viðbrögð frú Sommers þegar stúlkan við afgreiðsluborðið spurði hana hvort hún vildi prófa nýju sendinguna af silkivörunum?

8. Lýstu með tveimur orðum því sem stjórnaði gjörðum frú Sommers eftir að hún hafði fest kaup á silkisokkunum.
9. Hvað var það sem afgreiðslumaðurinn í skóbúðinni botnaði ekkert í og tengdist frú Sommers?
10. Nefndu eitt atriði í seinni hluta sögunnar sem gefur ákveðið í skyn að konan hafi ekki alltaf verið fátæk.
11. a) Hver er *innri tími*? b) Hver er *ytri tími* sögunnar? c) Hvert er sögusviðið?
12. Lýstu efniskjarna eða meginhugsun sögunnar í tveimur línnum.

### • Svör

1. Henni fannst þetta af því að buddan hennar var orðin troðfull af peningum sem hún hafði skyndilega eignast.
2. Það mundi spara henni mikla vinnu við að stoppa í gömlu sokkana.
3. Hún hefur á „betri daga“ þá: væntanlega meiri peninga og meiri tíma.
4. Af því að þegar „á morgun“ kemur er það „í dag“!
5. Hún var dugleg að þrúttu; hún lagði á sig að fara í biðraðir og komast yfir ódýra vöru.
6. Hún hafði gleymt að borða áður en hún fór að heiman. (Hún hafði líka þurft að sinna fjórum börnum.)
7. Henni fannst það alveg fáránlegt. (Það væri eins og einhver bæði hana um að máta demantakórónu sem hún hygðist kaupa.)
8. Innri hvöt.
9. Hann hefur ekki skilið hvað konan var í fallegum sokkum miðað við það hvað (gömlu) skórnir hennar voru ljótir. Honum hefur líka þótt merkilegt hvað hún var vandlát (miðað við skóna sem hún var í).
10. Hún hafði vanist því á fyrri árum að kaupa dýr tímarit og gera skemmtilega hluti.
11. Innri tími: Nokkir dagar, en fyrst og fremst er lýst einum degi. Ytri tími er 1895 eða þar um bil. Sögusviðið er Bandaríkin.
12. Þetta er saga um það þegar innri hvatir eða tilfinningar taka völdin og maðurinn brýtur af sér þá fjötra sem binda hann. Saga um freistingar sem menn falla gjarnan fyrir og láta taka völdin. Við erum ekki eins og tilfinningalaus vél sem gengur alltaf í sama takti ....

## • Umræða

**Sögusvið og tími:** Bandarísk borg (sennilega ekki mjög stór en þar er þó verslunarmiðstöð, leikhús, sporvagn o.s.frv.) snemma á síðasta áratug 19. aldar (sagan er skrifuð 1896 og lýsir augljóslega samtíma höfundarins); atburðir gerast í aðalatriðum á einu síðdegi.

**Sjónarhorn:** Þriðju persónu frásögn þar sem við sjáum inn í hug aðalpersónu og nokkurra aukapersóna. (Alvitur sögumaður.)

**Viðfangsefni sögunnar (þema):** Kona reynir í hljóðlátri baráttu að finna jafnvægi milli skyldunnar við börn og heimili annars vegar og eigin þarfa hins vegar í samfélagi þar sem konur hafa takmarkað frelsi. Átök milli einstaklings og samfélags.

**Andblær og umhverfi:** Sagan er skrifuð í anda raunsæis: lýst er lífi fátækrar konu á raunsæjan hátt. Þetta er ung margra barna móðir sem virðist vera orðin ekkja. Kaldur raunveruleikinn verður enn naprari af þeirri ástæðu að konan hafði átt betri daga meðan hún var í föðurgarði. Endirinn gefur ekki beint tilefni til bjartsýni: peningarnir eru búnir! (Hugsum hér til íslenskra raunsæishöfunda eins og Gests Pálssonar sem gjarnan lýsti þeim sem minna máttu sín.)

**Háð** (kaldhæðni, írónía): Eins og algengt er í raunsæissögum bregður hér fyrir háði, t.d. þegar talað er um að frú Sommers hafi ekki viljað neitt óhóf; því að ef miðað er við efnalegar aðstæður hennar þá pöntun hennar á veitingastaðnum vott um ákveðið óhóf.

**Viðlíking:** a) Silkisokkarnir glitruðu og smugu eins og slanga milli fingra frú Sommers; b) hann hneigði sig fyrir henni eins og hún væri hefðarfrú af konungakyni.

**Myndlíking:** a) Dimm framtíðarsýn í líki horaðrar ófreskju (þ.e. framtíðin er í formi ófreskju); b) freistingin var í formi veggspjalds um leiksýningu (þ.e. freistingin er veggspjald þar sem leiksýning er auglýst).

**Andstæður:** Hugsun/ innri hvöt; fortíð/ nútíð; ríka fólkið (á veitingastaðnum)/ fátæka fólkið.

Það er erfitt að enda sögu þannig að eftirminnilegt verði. Hér birtist okkur maður sem látinn er rýna í andlit frú Sommers, lesa í tilfinningar hennar. Þetta er sterk aðferð, sterkari en t.d. að láta sögumanninn segja það sem

konan hugsaði: að vilja fá að halda áfram í vagninum til eilífðar. Það er líka áhrifamikið að láta það koma fram að þessi „glöggskyggni“ maður hafi ekki séð neitt – nema ef hann hefði verið töframaður!

Sagan gefur tilefni til umræðu um það hvernig **hugsunin** (vitið, skynsemin, skyldutilfinningin, kröfur samfélagsins) og **tilfinningin** (eðlishvötin, undirmeðvitundin) takast á og leita jafnvægis. Það blundar í öllum ákveðin þörf að brjóta af sér ok hversdagsins og gefa innri öflum lausan tauminn. Þetta gerir frú Sommers þegar aðstæður hennar bjóða upp á það þótt hún hafi alls ekki farið af stað með neitt slíkt í huga, enda vill hún ekki stökkva frá skyldum sínum (hún fer heim eftir leiksýninguna).

**Tákn** (symból): Líta má á silkisokkana sem tákn um sjálfselsku konunnar. Líka má segja að snertingin við sokkana tákni það sem hún var einu sinni, sbr. orðin um „betri daga“. Eftir að frú Sommers fór að handleika sokkana breyttist hún í það sem hún var áður: sjálfstæð, sjálfsörugg, vandlát og sjálfselsk persóna. – Þá má líta táknrænt á það sem sagt er í sögulok um ferð sporvagnsins: hann heldur áfram alveg eins og barátta konunnar (kvenna almennt) mun halda áfram.

Rætt er um „betri daga“ og er þá átt við æskuár frú Sommers. Hún hefur með giftingunni og barneignunum farið úr ríkidæmi í fátækt. En hún lifir ekki í eftirsjá heldur tekst hún á við lífið eins og það er; hún er raunsæ, jarðbundin. Það kemur þó að því að hún stenst hún ekki mátið og lætur undan freistingunum í einn dag og hverfur inn í heim hinna „betri daga“. Peningaupphæðin sem rætt er um var ekki há (þó að 15 dollarar seint á 19. öld hafi verið mun verðmeiri en þeir eru nú), þannig að ekki er um neina framtíðarlausn á slæmu ástandi konunnar að ræða.

Við fáum ekki miklar upplýsingar um fortíð eða nútíð. Hvernig var líf konunnar áður en hún giftist? Við vitum það eitt að uppvöxtur og unglingsár hafa verið áhyggjulítill; hún hefur komið frá vel stæðu heimili.

Hugsanlega hefur hún átt eiginmann en líklegra er að hún sé ekkja (benda má á að höfundurinn, Kate Chopin, var ekkja og fjögurra barna móðir þegar hún skrifaði söguna).

Eftirfarandi atriði mætti ræða:

a) Lýsið í örstuttu máli lífi frú Sommers í þátíð og nútíð? Hvernig var hún (eigingjörn, fórnfús, margslungin)?



- b) Hvers vegna hélt frú Sommers að koma hennar inn á veitingastaðinn mundi valda óróa? (Hún tilheyrði ekki þessum hópi lengur; var kápan of fátækleg?)
- c) Hvað skilur sagan eftir? Hvaða erindi á þessi saga við nútímafólk? Boðskapur?
- d) Eru freistingar til að falla fyrir þeim?
- e) Góður ásetningur: leiðin til heljar? Sbr. The road to Hell is paved with good intentions.
- f) Erum við hagsýn í fjármálum? Kunnum við að neita okkur um það sem kallað er „óþarfi“?
- g) Hvernig myndum við taka því að fara úr sæmilegum efnum í fátækt?
- h) Hvernig væri að vinna stóran vinning í happdrætti? Vitað er að stundum hefur stór vinningur leitt ógæfu yfir vinningshafa.

## K.N. (Káinn)

---

### Hundalán

- **Verkefni**

Myndaðu nokkur nafnorð sem byrja á *hunda-*

- **Svör**

hundaheppni, hundalíf, hundadagar, hundaskítur, hundastand, hundavað, hundaskammtur, hundasúra, hundapúfa, hundaæði, hundasleði.

- **Umræða**

Það má hugsa sér að K.N. kveði þessa vísu á fimmtugsafmæli sínu og að hann líti þá yfir farinn veg. Hvernig hefur líf mitt verið?

Talað er um *hundaheppni* sem heppilega tilviljun. Samkvæmt orðum vísunnar virðist *hundalán* vera fremur jákvæðrar merkingar. En orðið *hundalíf* merkir slæmt líf. Það má því segja að viss tvíræðni geti leynst í orðinu *hundalán*.

## Vísað úr vinnu

- **Verkefni**

Bentu á tvö orð önnur en *illur* sem hafa miðstigið *verri* og efsta stigið *verstur*.

- **Svar**

*vondur* og *slæmur*.

- **Umræða**

Hér er sjálfsagt að ræða um ráðningar í störf: Eftir hverju er farið þegar menn eru ráðnir í vinnu? Eru þeir bestu alltaf ráðnir? Ræða mætti um hugtökin *klíka* og *klíkuskapur*; *siðleysi kunningsskaparins* o.s.frv.

Þessi vísa gefur gott tilefni til umræðu um stigbreytingu! Við tökum t.d. eftir því að það er ekki bara lýsingarorðið *vondur* sem er *verri* í miðstigi og *verstur* í efsta stigi (*illur* og *slæmur* einnig!).

**Kennari spyr:** Hvers vegna hefur skáldið ekki einfaldlega orðið *vondur* í stað *illur* í 3. braglínu?

**Svar:** Af því að þá yrði um ofstuðlun að ræða.

## Hvergi smeykur

- **Verkefni**

1. Hvers vegna er höfundurinn hvergi smeykur þótt hann virðist ekki kirkjurækinn?
2. Settu seinni vísuhelminginn í eðlilega orðaröð.

- **Svör**

1. Af því að hann telur sig vera heiðarlegan í lífinu (kvíðir ekki refsingum guðs eftir dauðann).
2. ... því ég hef lifað heiðarlegu hundalífi fram að þessu (eða: ...því ég hef fram að þessu lifað heiðarlegu hundalífi).

- **Umræða**

Hér kemur *hundalíf* við sögu, sbr. *hundalánið* í vísunni *Hundalán*.

Núna er hugsunin sú að skáldið kvíðir ekki því sem framundan er (hinum megin) þótt hann hafi ekki sótt messur vel. Samviska hans er nefnilega góð: hann hefur lifað heiðarlega þótt lífið hafi ekki verið dans á rósum. Þó *hundalíf* merki erfitt líf þá er eins og höfundurinn sé þokkalega sáttur við sjálfan sig af því að hann hefur verið heiðarlegur. Hvort góðir og heiðarlegir menn sæki messu eða ekki – það á ekki að skipta máli. Þess vegna kvíðir skáldið engu.

## Kæra foldin

- **Verkefni**

1. Hver er „foldin kennd við snjó“?
2. Hvers óskar K.N. sér í vísunni?
3. Tvö orð í vísunni byrja á *hv*. Á móti hvaða hljóðum stuðla þau?

- **Svör**

1. Ísland. Káinn fór aldrei heim til Íslands eftir að hann fluttist til Vesturheims; hann var grafinn vestra.
2. Að hann verði grafinn í heimasveit sinni, Eyjafirði.
3. Í fyrri vísuhelmingi stuðlar *hv* við *k*; en í seinni vísuhelmingi stuðlar *hv* við *h*.

- **Umræða**

Í vísunni birtist sú ósk skáldsins að mega bera beinin (eða a.m.k. vera grafinn) heima á æskustöðvunum. Sú ósk rættist ekki.

Við tökum eftir innríminu: fold – hold; feginn – eyja.

## Íslandsferð 1858: Þýskur prófessor ferðast um landið

---

- **Verkefni**

1. Hvaða ár ferðaðist Maurer um Ísland?
2. Nefndu tvennt sem Maurer lagði af mörgum fyrir íslensku þjóðina.

- **Svör**

1. Árið 1858.
2. Hann studdi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga; hann safnaði íslenskum þjóðsögum og gaf þær út á þýsku; hann hvatti Jón Árnason til að halda áfram þjóðsagnasöfnun o.s.frv.

## **Skálholt í niðurníðslu**

- **Verkefni**

1. Um hvaða leyti var biskupsstóll fluttur frá Skálholti til Reykjavíkur?
2. Hvers vegna vildi bóndinn í Skálholti láta Maurer gista í kirkjunni?

- **Svör**

1. Skömmu fyrir árið 1800.
2. Af því að hann skammaðist sín fyrir sóðaskapinn á heimilinu.

## **Drukinn prestur**

- **Verkefni**

1. Hvernig var morgunverðurinn í Hraungerði saman settur?
2. Hvaða álit virðast íslenski embættismenn hafa haft á séra Sigurði Thorarensen í Hraungerði í Flóa?
3. Við hvaða aðstæður birtist Danahatur í þessum texta?

- **Svör**

1. Úr fjallagrösum, soðnum í vanti, með sykri og ferskum rjóma.
2. Þeir töldu hann vera nískan og harðskeyttan við undirmenn sína.
3. Það brýst fram í drykkjuvímu Þorvarðar prest.

## **Hryllilegt gaul: safnaðarsöngur á Íslandi**

- **Verkefni**

1. Hvers vegna hafði Maurer áhuga á að tala við séra Guðmund Jónsson?
2. Hver var helsti vandinn í samskiptum Maurers og séra Guðmundar?

3. Hvað er til marks um sjálfstæði Íslendinga ef tekið er mið af texta Maurers?
4. Hvað teljið þið að Maurer hafi kunnað best að meta hjá séra Skúla Gíslasyni?

- **Svör**

1. Af því að séra Guðmundur kunni sögur af skrímslum í Grímsey.
2. Maurer var stirður í íslensku og séra Guðmundur var nær heyrnarlaus.
3. Íslendingar syngja með sínu nefi og hugsa ekkert um hina kórfélagana.
4. Það að Skúli skyldi segja honum þjóðsögur; Maurer hreifst greinilega af séra Skúla sem sögumanni.

## Hár í mjólkinni

- **Verkefni**

1. Hvaða leið fór Maurer frá Suðurlandi til Norðurlands?
2. Hvað heitir fremsti (innsti) bærinn í Öxnadal?
3. Hvernig er orðið *spónn* í fleirtölu?
4. Hvaða frægum manni var Magnús bóndi skyldur?

- **Svör**

1. Hann fór yfir Sprengisand.
2. Gil.
3. Spænir.
4. Pétri Péturssyni, sem síðar varð biskup.

## Óþrif og óværa

- **Verkefni**

1. Hvað heitir innsti (fremsti) bærinn í Norðurárdal í Skagafirði?
2. Nefndu a.m.k. þrennt sem angraði ferðamanninn um nóttina.

- **Svör**

1. Fremri-Kot.
2. Raki, loftleysi, óþrif og óværa.

- **Umræða**

Ferðasaga Maurers (*Íslandsferð 1858*) er afar merk heimild um land og þjóð. Maurer var ólíkur öðrum erlendum ferðalöngum að því leyti að hann gat talað milliliðalaust við bændur og búalið af því að hann kunni íslensku. Hann var auk þess þekktur á Íslandi vegna greinar sem hann hafði skrifað í þýsk blöð þar sem hann studdi málstað Íslands í sjálfstæðisbaráttunni við Dani (Jón Sigurðsson lét landa sína vita af því!).

Í þessum stutta texta er ýmislegt um mataræði sem vel mætti ræða, t.d. mikilvægi fjallagrasa. Einnig mætti ræða um það böf sem brennivínsdrykkja virðist hafa verið á Íslandi á 19. öldinni (rétt eins og nú). Athygli vekur að prestar eru þar ekki barnanna bestir.

Talið er að Maurer hafi ekki gefið bókina út af því að hann sagði ýmislegt um Íslendinga (t.d. um drykkjuskap þeirra og sóðaskap) sem hann vildi ekki að spyrðist út. Hann hefði hugsanlega sært einhverja. Handritið týndist og fannst ekki fyrr en um 1970 í skókassa uppi á hálofti í húsi einu í Augsburg í Þýskalandi. Vissulega var það mikið happ.

Til greina kæmi að fá nemendur til að afla upplýsinga um Maurer, t.d. á netinu, en einnig með því að hafa uppi á *Íslandsferð 1858* og glugga í hana.

Orðin „ekki beint til fyrirmyndar“ eru gott dæmi um *úrdrátt* (*understatement*).

## Klarinettitttré

---

- **Verkefni**

1. „Hann var að renna sér klarinettitt.“ Hvað er átt við hér?
2. Hvað gæti orðið a) *vofffælinn*, b) *hummmáll* merkt?
3. Hvaða orð þekkið þið þar sem þrír samhljóðar standa saman?
4. Setjið hring um ljóðstafi í miðerindinu.
5. Lesið ljóðið í kór til að fá tilfinningu fyrir taktinum!

## • Svör

1. Halleifur hefur staðið við rennibekk: hann var að renna tré, þ.e. sníða það til (með snúningi) í rennibekk.
2. a) hræddur við hunda; b) sem hummar oft, þ.e. segir „humm“.
3. alllengi, þátttaka, valllendi.
4. s – s – s: o – u – i.

## • Umræða

Halleifur er greinilega hagleiksmaður og stendur þarna við rennibekkinn. Vofffælinn maður er sennilega hræddur við hunda. – Sjálfsagt er að reyna að velta merkingu hverrar vísu um sig fyrir sér en fyrst og fremst er hér um leik að ræða að orðum, hljóðum og stafsetningu. Að öllum líkindum hafa þrefaldir samhljóðar aldrei verið jafnmargir saman komnir á einum stað og hér.

Rímið er AABB. Sjálfsagt er að benda á að *hnígandi þríliðir* (˘˘) einkenna bragarháttinn. Tvíliðir (˘˘) eru eingöngu í síðasta braglið hverrar ljóðlíðnu. Þetta á líka við um síðustu ljóðlínu miðerindisins. Þar þarf að lesa: *skakkkúm hnegg* sem þrílið: (˘˘), þ.e. *hnegg* fær einungis léttu áherslu. Gott gæti verið að lesa þetta kvæði í kór til að fá tilfinningu fyrir hrynjandinni. Þá þarf m.a. að muna eftir að taka tillit til úrfellingarmerkjana í síðustu tveimur braglínunum, í *klifuninni* „þetta’ er, humm“.

Þórarinn er frægur fyrir að leika sér að tungumálinu. Ræðið um mikilvægi þess að bregða á leik og fáðið nemendur til að rifja upp bullvísur, t.d. vísur Æra-Tobba:

Þambara vambara þeysingssprettir,  
því eru hér svo margir kettir?  
Agara gagara yndisgrænum,  
illt er að hafa þá marga á bænum.

## Jón Vídalín

---

### • Verkefni

1. Nefndu þrjá hálærða ættingja Jóns Vídalín.
2. Hverjir gerðu manntalið við upphaf 18. aldar?

3. Hvar reyndi Jón Vídalín að komast til metroða eftir að hann lauk prófi í Kaupmannahöfn?
4. Hvaða ár varð Jón Vídalín biskup?
5. Fyrir hvað er Jón Vídalín þekktastur?
6. Nefndu dæmi um framfarahug Jóns Vídalín.
7. Nefndu nokkra galla Jóns.
8. Hvaða titil hafði a) faðir Sigríðar Jónsdóttur og b) eiginmaður Sigríðar?

- **Svör**

1. Arngrímur lærði, Páll Vídalín og Páll Björnsson í Selárdal.
2. Páll Vídalín og Árni Magnússon.
3. Í danska flotanum.
4. Árið 1697.
5. *Vídalínspostillu*; í henni eru prédikanir, ein fyrir hvern hátíðisdag ársins.
6. Hann reyndi kálræktun og hvatti til hreindýraræktar og saltvinnslu.
7. Hann var nokkuð drykkfelldur, hann var skapmaður og átti það jafnvel til að slást.
8. a) biskup á Hólum; b) bikup í Skálholti.

## Um reiðina

- **Verkefni**

1. Finndu annað orð yfir *reiði* í textanum.
2. Hver er munurinn á *reiði* og *æði*, skv. því sem segir í textanum?
3. Greindu frá líkingunni sem gripið er til úr náttúrunni til að lýsa því hvernig reiðin hristir og skekur líkamann.
4. Nefndu dæmi um það hvernig reiðin getur farið með manninn.
5. Finndu andstæður í textanum.

- **Svör**

1. Heift.
2. Reiðin varir ekki eins lengi og æðið.



3. Reiðin hristir og skekur líkamann eins og stórviðrið blæs upp hafið.  
Með öðrum orðum: reiðinni er líkt við stórviðri og líkama reiðs manns við úfið haf.
4. Hún gerir hann að ófreskju; hún kveikir bál í augum hans o.s.frv.
5. skemur/ lengur; ásjóna/sál; reiður/heilvita; menn/guð; inni/ytra (þ.e. hið innra og hið ytra).

#### • Umræða

Hér eru nefndir nokkrir lærðir áhrifamenn í lúterskum sið. Arngrímur lærði (1568–1648) er afi þeirra þriggja frænda sem minnst er á, þ.e. Jóns biskups, Páls Vídalíns og Páls Björnssonar í Selárdal. Til greina kæmi að fá einhverja nemendur til að segja stuttlega frá Arngrími lærða og tengslum hans við Guðbrand biskup á Hólum (sem gaf út fyrstu íslensku biblíuna 1584).

Ræða mætti um kraftinn í prédikun Jóns Vídalíns um reiðina. Tala prestar svona nú á dögum?

Þá þarf að ræða innihaldið. Hvernig getum við komist hjá því að láta reiðina ná tökum á okkur? Hvaða ráð eigum við til? Það getur t.d. verið mjög alvarlegt að láta reiðina stjórna skrifum sínum á netinu; þau orð verða ekki afturkölluð, og þau geta orsakað meiðyrðamál og háar sektir.

„Þel getur snúist við atorð eitt.“ Og það er ekki bara þannig að orð sögð eða skrifuð í reiði valdi þeim angri sem fyrir þeim verður, heldur getur sá sem orðin mælti hugsanlega þurft að iðrast þeirra alla ævi. Jafnvel eitt illt augnaráð getur valdið ævilangri iðrun: „Hve iðrar margt líf eitt augnakast/ sem aldrei verður tekið til baka“ (Einar Benediktsson: *Einræður Starkaðar*).

## Halldóra B. Björnsson

---

### Í Hljómskálagarðinum 17. júní

#### • Verkefni

1. Hvað á Halldóra B. Björnsson við þegar hún segir að afreksmenn okkar séu orðnir að steini?
2. Í hverju felst háðið í fyrsta erindinu?

3. Í hverju felst háðið í lokerindinu?
4. Bentu á ljóðstafasetningu á a.m.k. tveimur stöðum.
5. Aflaðu þér upplýsinga um Bertel (Albert) Thorvaldsen og skrifaðu um hann örfáar línur.

- **Svör**

1. Hún á við að gerðar hafi verið höggmyndir af þeim; nokkrar slíkar eru í Hljómskálagarðinum í Reykjavík.
2. Hún segir garðurinn grói svo illa að ekki sé enn gróið yfir steinana (þ.e. höggmyndirnar).
3. Að ekkert skuli sagt um móðurættina (en móðirin var dönsk).
4. g – g – g (í línu 1–2); m – m – m (í lokalínunum).
5. Nemandinn gerir þetta.

- **Umræða**

Halldóra leikur sér að orðasambandinu „að verða að steini“. Nátttröllin urðu að steini ef þau urðu fyrir geilsum sólarinnar. En hér er átt við að gerð hafi verið höggmynd af afreksmönnum. Grasinu í einum helsta skruðgarði Reykjavíkur er fundið það til foráttu að hafa ekki gróið yfir „steinana“. Augljós kaldhæðni (háð, írónía).

Hér er skopast að löndum okkar fyrir að hamra stöðugt á að Bertel Thorvaldsen hafi verið Íslendingur í föðurætt. Hjá skáldkonunni fær þetta almennt gildi: það gleymist svo oft að geta um mæðurnar, konurnar í samfélaginu. Háðið er napurt.

Til greina kæmi að fá nemanda til að lesa ljóðið upphátt og annan til að leika myndastyttuna og þann þriðja til að snúast í kringum styttna og skima eftir áletrunum.

- **Aukaverkefni**

Tveir hópar fá verkefni: að afla upplýsinga um a) Bertel (Albert) Thorvaldsen og b) Halldóru B. Björnsson og flytja frammi fyrir bekkjarfélögum.

## Maðurinn sem skar hausinn af kerlingunni

---

### • Verkefni

1. Hvaða orðasamband er notað í sögunni um það að *detta*?
2. Hvers vegna fór kerlingin að ásækja manninn?
3. Hvaða orðasamband er notað í sögunni um það að verða dauðskelkaður?
4. Hvaða tvö viðbótaratriði koma fram í frásögn Jóhanns í Fornhaga?
5. Til hvers heldur þú að naglar hafi verið reknir í iljar líkinu?

### • Svör

1. Verða fótaskortur.
2. Af því að hann talaði óvarlega til hennar rétt áður en hún dó.
3. Að falla allur ketill í eld.
4. Að manninn hafi dreymt konuna og að hann hafi rekið nagla í iljarnar á líkinu.
5. Til þess að það gengi ekki aftur.

### • Umræða

Ógætni í orðum annars vegar og áræði hins vegar setja svip á söguna. Orð mannsins í garð deyjandi konu valda tímabundnu angri en einnig kemur fram að þessi maður er áræðinn og það verður honum til happs. Þar nýtur hann reyndar hjálpar vinveitts og fjölkunnugs manns.

Minna má á þá frægu sögu, Miklabæjar-Solveigu. Þar segir Þorsteinn vinnumaður við hina deyjandi Solveigu: „Þar tók andskotinn við henni.“ Orð eins og þessi eru til vitnis um glannaskap og ófyrirleitni ungra manna sem ekkert þykjast hræðast. Og það sem vekur nokkra athygli í báðum þessum sögum er að mennirnir „sleppa með skrekkinn“.

#### **Gott væri að ræða eftirfarandi:**

- a) Er ónærgætni í orðum algengt fyrirbæri? Getur slíkt komið mönnum í koll?
- b) Hvað er hægt að ganga langt í „fyrirbyggjandi aðgerðum“? Hvað yrði gert í nútímanum við þann sem níddist á líki?

- c) Hvernig stendur á því að „auðveldara verkið“ reyndi meira á manninn en ljóti verknaðurinn? (Kannski að áfallið hafi ekki komið fyrir en eftir á.)
- d) Hvað er að segja um samvisku þessa manns sem segja má að hafi bætt gráu ofan á svart (með því að níðast á líkinu eftir að hafa rætt um helvíti á dauðastund hennar)? (Það er eins og framkoma hans hafi ekki valdið honum angri til langframa.)
- e) Hefur þessi saga uppeldislegt gildi? (Kannski ekki svo mjög af því að maðurinn sleppur nokkuð vel; það er eins og samúð sögumanns sé öll með honum; konan er kölluð niðrandi nafni: kerlingarsauður.)

## Jónas Hallgrímsson

---

### • Verkefni

1. Settu fyrstu fjórar línurnar í eðlilega orðaröð.
2. Á hvaða árstíma er ljóðið ort?
3. Hvers vegna talar Jóhann Sigurjónsson um dauðarósir á laufinu?
4. Í fyrri hluta vísunnar er náttúrumynd. Hvað er það sem gerir það að verkum að Jóhann Sigurjónsson tengir þá mynd við líf Jónasar Hallgrímssonar (1807–1845).
5. Ógæfan er hér persónugerð. Hvernig þá?
6. Hver er ávarpaður í kvæðinu? Hver er óskabarn ógæfunnar?
7. Bentu á fimm samsett orð í textanum og taktu fram hvaða orðflokki þau tilheyra. Er líklegt að höfundurinn hafi fundið einhver þessara orða upp?
8. Rökstyddu að Jóhann slái saman tveimur skynsviðum í orðinu *litmjúkir*.
9. Skrifaðu örstuttan texta þar sem þú líkir persónu við fyrirbrigði í náttúrunni.

### • Svör

1. Litmjúkar dauðarósir eru dregnar á hrungjörn lauf í haustskógi.
2. Um haust.
3. Haustlitur er kominn á lafið – rétt áður en það fellur.

4. Líf Jónasar var fallett eins og haustlaufið; fátt er fallegra en skógur í haustlitum. En jafnframt var Líf Jónasar sjúkt eins og haustlaufið; Jónas þjáðist lengi af heilsuleysi og dó ungur.
5. Ógæfan er persónugerð sem móðir barns. Og auðvitað vill ógæfan eingast ógæfusamt barn!
6. Jónas Hallgrímsson.
7. litmjúkir (lo), dauðarósir (no), hrungjörn (lo), haustskógi (no), óskabarn (no). Líklegt er að hann hafi fundið upp fyrstu tvö orðin.
8. *Litur* höfðar til hins sjónræna; *mjúkur* höfðar til tilfinningar (snertiskyns).
9. Nemandi svari þessu.

#### • Umræða

Gaman er að benda á hvað kvæðið er meitlað, myndmálið einfalt og glæsilegt: aðeins sagt það sem máli skiptir. Fyrst er það náttúrumynd, en síðan er komið að sjálfu yrkisefninu (sbr. titil ljóðsins): Jónasi Hallgrímssyni, „listaskáldinu góða“. Tala mætti um *viðlíkingu* því að haustlaufinu í sinni fegurð og „sjúkleika“ er líkt við hið veika og fagra líf Jónasar Hallgrímssonar.

Jóhann Sigurjónsson er einn helsti fulltrúi *nýrómantíkurinnar* á Íslandi. Nýrómantíkin var n.k. andóf gegn raunsæisstefnunni og m.a. er þar lögð áhersla á fegurð og dulúð; og athygli beint að innra lífi. Einnig er þar tilhneiging til bölsyni.

## Spurning um hugrekki

---

#### • Verkefni

1. Hvar höfðu Gitta og Helena kynnst?
2. Hvers vegna var lyftan við 5. hæð þegar Helena ætlaði að fara niður?
3. Hvað vildi Helena láta gera við barnaníðinga?
4. Var lögreglumaðurinn á sömu skoðun og Helena um meðferð glæpamanna?

5. Hvers vegna lamaðist Helena?
6. Nefndu þrennt sem lögreglumaðurinn og níðingurinn áttu sameiginlegt.
7. Hvað er að segja um dvöl níðingsins í hverfi Helenu?
8. Nefndu tvennt sem er til marks um hugrekki Helenu og einbeittan vilja.

#### • Svör

1. Þær höfðu kynnst hjá kaupmanninum.
2. Ókunni maðurinn hafði tekið lyftuna upp til að komast í þakherbergið.
3. Hún sagði að það ætti að lífláta þá.
4. Nei. Hann vildi virða löginn (ekki taka mann af lífi án dóms og laga).
5. Hún hafði fengið sykursýki sem uppgötvaðist of seint.
6. Gráblá augu, vinalagt bros og sár á úlnið.
7. Þetta var lögreglumaður frá Árósum, semsagt úr öðru bæjarfélagi, ókunnugur öllum þarna.
8. Að þora að eittra fyrir manninum og að þora að renna hjólastólnum út um gluggann.

#### • Umræða

Í smásögum hverfist frásögnin gjarnan um mjög afmarkaða atburðarás. Persónur eru fáar. Og innri tíminn er stuttur. Undir lokin má tala um afhjúpun. Allt þetta á vel við hér. Persónur eru eiginlega aðeins tvær. Tíminn sem líður er aðeins brot úr degi. Afhjúpunin (þegar sannleikurinn kemur í ljós) verður þegar Helena fréttir að maðurinn, sem hún eittraði fyrir, var ekki níðingurinn.

Titill sögunnar skitpir máli því að augljóst er að hugekki Helenu er mikið. Hún gerir tvennt sem staðfestir það. Segja má að hún sé sjálfri sér samkvæm.

Tilviljun ræður því hve illa fer, þ.e. sárið á úlniðnum sem gaf tilefni til að tengja níðinginn við lögregluþjóninn.

Strax í upphafi eru mikilvægar upplýsingar gefnar. Slíkt er algengt í sögum. Við fáum semsagt að vita að konan deyr. Spenna hefur myndast. En lesandinn vill auðvitað fá nánari upplýsingar!

Öðrum mikilvægum upplýsingum er haldið leyndum í upphafi, þ.e. að Helena sé lömuð. Þetta kallar einnig fram vissa spennu: Hvers vegna var hún svona angurvær?

Stjórnuþáin er mikilvægt leiðarminni í sögunni. Segja má að með henni komi yfirnáttúlegur blær inn í atburðarásina, einnig von. Vonin er mikilvæg í lífi hvers manns.

Spyrjum nemendur: Hvað finnst ykkur um þessa skyndilegu ást? Getur ástin kviknað svona snemma hjá þroskuðu fólki?

Einnig mætti spyrja um afstöðu nemanda til Gittu. Á yfirborðinu er þetta indæl lítil stúlka sem veifar til Helenu á hverjum degi. En hún lendir í því að stela. Kannski gerist slíkt hjá flestum börnum, a.m.k. er líklegt að flest börn hafi einhvern tíma langað til að stela einhverju girnilegu, t.d. í matvörubúð.

Þá má spyrja nemendur um hina hörðu afstöðu Helenu til refsinga og bera saman við skoðun lögreglumannsins. Hvernig ætli lífið yðri ef hver sem er mætti skjóta þann sem grunaður er um níðingslegan glæp? Mundu ekki einhverjir falla saklausir?

Nauðsynlegt er einnig að ræða um líkamlega fötlun Helenu. Hvernig tekur hún á sínum málum? Hefur hún mikið frumkvæði? Hún virðist einangra sig nokkuð mikið og það er eins og hún bíði eftir að eitthvað gerist. Það er eins og hún sé ekki í neinni vinnu, heldur lifir hún í eigin bóka- og tónlistarheimi sem neytandi. Ræða mætti um þessi atriði.